

# PALS lestrarþjálfun

Það er stefna Lágafellsskóla að nota PALS lestrarþjálfun í námi barnanna. Nú í vetur er unnið með PALS í 2.-8. bekk. PALS stendur fyrir Peer Assisted Learning Strategies og hefur fengið íslenska heitið Þör Að Læra Saman. PALS er lestrarþjálfunaraðferð þar sem nemendur vinna tveir og tveir saman og fara í gegnum ákveðið ferli. Annar nemandinn les en hinn þjálfar og svo er skipt á hlutverkum. Sá sem byrjar að lesa kallast 1. lesari og sá sem les svo kallast 2. lesari. Kennslustundin skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá.

## Paralestur:

1. lesari les í 5 mínútur. 2. lesari leiðréttir lesturinn eftir ákveðnu ferli og gefur stig. Eftir 5 mínútur er skipt um hlutverk. 2. lesari les sama texta og 1. lesari.

## Endursögn:

2. lesari endursegir það sem hann var að lesa. 1. lesari spyr:

1. Hvað gerðist fyrst?
2. Hvað gerðist næst?

Svona gengur þetta í 2 mínútur.

## Að draga saman efnisgreinar:

1. lesari les eina efnisgrein í einu. 2. lesari spyr:

1. Hver eða hvað er mikilvægast?
2. Lýstu því mikilvægasta.
3. Um hvað er efnisgreinin? Segðu frá í 10 orðum (eða færri).

Þetta endurtekur sig í 5 mínútur og þá er skipt um hlutverk.

## Forspá:

2. lesari spyr 1. lesara:

1. Hvað heldurðu að gerist næst ?
2. Lestu hálfa blaðsíðu.
3. Rættist spáin?

Þetta endurtekur sig í 5 mínútur og þá er skipt um hlutverk.

Alls tekur ferlið um 35 mínútur en nemendur fara í PALS þrisvar sinnum í viku í 16 vikur í senn. Þar af eru fjórar vikur í innleiðingu og 12 vikur í þjálfun. Skipt er um féлага á fjögurra vikna fresti. Markmiðið með þessu verkefni er að bæta lestrarfærni nemendanna en bandarískar rannsóknir sýna miklar framfarir hjá nemendum sem fá PALS lestrarþjálfun.